

FUNDARGERÐ

304. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, fundasal, miðvikudaginn 2. mars 2022 kl. 13:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Skúli Björnsson (SB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÐ) framkvæmdastjóri.

Endurskoðandi, Magnús Jónsson, KPMG stat fundinn undir lið nr. 1.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Enginn

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Drög að ársreikningi 2021
 - 2 Fundur með heimastjórn Djúpavogs og íbúafundur
 - 3 Aðalfundur – dagsetning, dagskrá og undirbúningur
 - 4 Samorkuþing Akureyri 9.-10. maí
 - 5 IFAT – ráðstefna og sýning 30. Maí í München
 - 6 Jarðhitarannsóknir, Búlandsnes og Eiðaþinghá
 - 7 Eiðar – hitaveita
 - 8 Hjallaskógur – vatnsveita
 - 9 Brúarás – varmadæla
 - 10 Starfsmannamál
 - 11 Verkefni
 - 12 Önnur mál
 - a. Ljósleiðari – samningar um stærri fjarskiptatengingar
 - b. Ljósleiðari í frístundahverfi
 - c. Vinnsla á tillögu iðnaðarsvæði við Valgerðarveg
-

1 Drög að ársreikningi 2021

Magnús Jónsson, endurskoðandi mætti og kynnti drög að ársreikningi félagsins ásamt starfsþáttayfirliti og fylgiskjölum fyrir árið 2021. Reikningurinn verður tekinn til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

Í ljósi stöðu um áramót felur stjórn framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við Múlaþing um verklag við uppgjör og greiðslur milli aðila.

MJ yfirgaf fundinn.

2 Fundur með heimastjórn Djúpavogs og íbúafundur

GJ og AÐ fóru á Djúpavog 23. febrúar. Þeir byrjuðu á að funda með heimastjórn Djúpavogs og í framhaldi kynntu þeir starfsemi og helstu verkefni félagsins. Megináhersla var lögð á

verkefnin á Djúpavogi í kynningu HEF. Umhverfis- og framkvæmdasvið kynnti einnig skipulags- og framkvæmdaáform á Djúpavogi og nágrenni. Ánægju hefur verið lýst með hvernig til tókst. Stefnt er að sambærilegum fundum í öðrum hverfum Múlaþings sem fyrst.

3 Aðalfundur – dagsetning, dagskrá og undirbúningur

Aðalfundur félagsins verði 17. mars 2022 á Hótel Héraði kl. 17. Dagskrá hefðbundin samkvæmt samþykktum og verður ársskýrsla nú útgefin á vef en ekki í prentuðu formi.

4 Samorkuþing Akureyri 9.-10. maí

20 ára afmælisþing Samorku (sem halda átti 2020) verður á Akureyri 9. og 10. maí. Formaður stjórnar, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri munu sækja þingið fyrir okkar hönd.

5 IFAT – ráðstefna og sýning 30. Maí í München

Í ljósi afar mikilvægra verkefna í fráveitu á næstu misserum munu framkvæmdastjóri og verkefnastjóri HEF fara á IFAT, sem er stærsta og víðamesta sýningin af þessu tagi í Evrópu.

6 Jarðhitarannsóknir, Búlandsnes og Eiðaþinghá

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnastöðu í jarðhitarannsóknum bæði á Búlandsnesi sem og í Eiðaþinghá. Mikilvægt er að verkefnin komist á gott skrið sem fyrst.

7 Eiðar – hitaveita

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnis og falið að vinna áfram að því í samræmi við þau verkefni sem tilgreind eru í minnisblaði.

8 Hjallaskógur – vatnsveita

Hagkvæmnimat og kostnaðarútreikningur hefur verið í vinnslu að undanfögnu hjá ráðgjafa HEF. Verkefnið mun ekki standa undir sér nema til komi greiðslur frá notendum til viðbótar gjaldskrárverði. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

9 Brúarás – varmadæla

Í samræmi við bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings frá 17. nóvember síðastliðnum þar sem fram kom:

Umhverfis- og framkvæmdaráð telur skynsamlegt og óskar eftir því að HEF veitur taki yfir þær borholur sem sveitarfélagið hefur látið gera í Brúarási. Ráðið felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að taka upp viðræður við HEF veitur um málið.

Rætt um tillögur að útfærslu á verkefninu og felur stjórn framkvæmdastjóra að vinna að nánari útfærslu í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

10 Starfsmannamál

Stefán Númi Stefánsson hefur látið af störfum, við óskum honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

11 Verkefnin

Yfirlitsblað verkefnastjóra HEF liggur fyrir fundinum. Fundarmenn ánægðir með ítarlegt yfirlit. Lagt fram til kynningar.

12 Önnur mál

a. Ljósleiðari – samningar um stærri fjarskiptatengingar

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um ljósleiðaranet í dreifbýli við Neyðarlínuna. Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að ganga frá honum og öðrum þeim sem í farvatninu eru vegna sambærilegrar þjónustu.

b. Ljósleiðari í frístundahverfi

Fyrir fundinum lá tilboð til Afls vegna tenginga á Einarstöðum, framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

c. Vinnsla á tillögu iðnaðarsvæði við Valgerðarveg

Umræður um fyrirkomulag og breytingu lóðar Kyndistöðvar. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá

Fundi slitið kl. 17:30.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____